

## Skólastarf 2ja og 3ja ára

Hlutverk þessa kafla er að kynna fyrir skólasamfélaginu megináherslur í starfsemi árgangsins svo það sé upplýst um framkvæmd skólastarfs í árganginum. Það er m.a. gert til að foreldrar geti verið virkir þátttakendur í námi barna sinna. Um leið kynna kennarar fagmennsku skólastarfsins til að sýna fram á faglegt inntak og samhengi milli árganga um þau gæði sem stefnt er að í skólastarfinu.

Kaflanum er skipt í eftirfarandi hluta:

1. Samantekt kennslu árgangs
2. Áherslur grunnþátta menntunar
3. Lykilhæfni, viðmið og matskvarði
4. Kennsluáætlanir, kennsluáætlanir og kennslugögn í árganginum
5. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf í árganginum
6. Námsmat og vitnisburðarkerfi árgangs

Við nám yngstu barnanna er mikilvægt að hafa í huga að þroskabil ungra barna er vítt. Þegar barn byrjar í leikskóla er það fyrsta aðkoma þeirra og fjölskyldunnar að skólakerfinu. Mikilvægi fyrsta ársins er því gríðarlegt og leggur drög að því sem framundan er.

Fyrstu skrefin snúast um að njóta þess að vera í hópi jafnaldra, taka þátt í litlum og stórum verkefnum.

Námssvið	Námsgreinar	Vægi í daglegu starfi
1. Íslenska	1.1. Talað mál, hlustun og áhorf 1.2. Lestur og bókmenntir 1.3. Ritun 1.4. Málfræði	Mikið Mikið Lítið Lítið
2. List- og verkgreinar	3.1. Sviðslistir (dans og leiklist) 3.2. Sjónlistir (myndmennt) 3.3. Tónmennt 3.4. Heimilisfræði 3.5. Hönnun og smíði 3.6. Textílmennt	Meðal Mikið Mikið Meðal Lítið Lítið
4. Útivist - náttúrugreinar	Dagleg útivera Vettvangsferðir Könnunarleikur Veðurfræðingur Árstíðarbundin verkefni	Mikið Meðal Mikið Meðal Mikið
5. Skólaíþróttir	5.1. Íþróttir – skipulagðir hreyfitímar	Mikið
6. Samfélagsgreinar	6.2. Jafnrétti og lífsleikni 6.3. Landfræði, saga, sam-/þjóðfélagsfræði	Mikið Lítið
7. Stærðfræði	7.0. Stærðfræði	Mikið
8. Upplýsinga- og tæknimennt	8.1. Miðlamennt og skólasafnsfræði 8.2. Tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni	Lítið Lítið

## 1.2. Áherslur grunnþátta menntunar í árganginum

Í þessum árgangi eru áherslur sex grunnpátta menntunar eftirfarandi í samræmi við stefnu skólans og áherslum skólans um forvarnir.

Áherslur grunnpátta menntunar í árgangi eru sett fram í markmiðum.

<b>Grunnpáttur menntunar</b>	<b>Áhersluatriði árgangs sett fram í markmiðum við einstaka grunnpætti</b>
<i>HEILBRIGÐI OG VELFERÐ:</i>	<p>Það er unnið með <i>heilbrigði og velferð</i> í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnpáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Að þörfum barna hvað varðar andlega, líkamlega og félagslega þætti sé sinnt.</li><li>• Að börnin læri og búi við umhyggju, jákvæð samskipti, hrós og hvatningu.</li><li>• Að börnin læri borðsiði og samskipti. Að börnin temji sér hreinlæti og efli hæfni sína til sjálfshjálpar.</li><li>• Að börnin fái og njóti útiveru og hreyfingar, í skipulögðum og frjálsum stundum.</li><li>• Að börnin myndi jákvæð og gefandi félagsleg tengsl við önnur börn og fullorðna í skólanum.</li><li>• Að börnin læri og fái að njóta hvíldar og slökunar.</li><li>• Að börnin nái tilfinningalegu jafnvægi.</li></ul>
<i>JAFNRÉTTI:</i>	<p>Það er unnið með <i>jafnrétti</i> í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnpáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Að börnin þroskist og dafni á eigin forsendum.</li><li>• Að börnum gefist svigrúm til að þroska og rækta hæfileika sína.</li><li>• Að börnin hafi rétt á eigin skoðunum og læri að setja þær fram. Þau læri einnig að virða skoðanir annarra.</li><li>• Að börnin þroski með sér umburðarlyndi og samkennd, beri virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu.</li><li>• Að áhersla sé á fjölbreytileika í allri sinni mynd.</li><li>• Að drengir og stúlkur hafi sömu tækifæri og hvatningu.</li><li>• Að einstaklingum sé ekki mismunað s.s. vegna litarháttar, lífsskoðana eða trúar.</li></ul>

Grunnpáttur menntunar	Áhersluatriði árgangs sett fram í markmiðum við einstaka grunnpætti
LÆSI:	<p>Það er unnið með læsi í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnpáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Að aðlögunin takist vel, bæði í upphafi og milli deilda.</li> <li>• Að barnið sé öruggt og líði vel í sínu skólaumhverfi.</li> <li>• Að barnið verði læst á umhverfi sitt; taki tillit, gangi frá, gangi vel um, hugi að félögum, gefi með sér og skiptist á.</li> <li>• Að barnið verði læst á dagskipulagið/daglegar athafnir.</li> <li>• Að barnið eflist í máltöku.</li> <li>• Að barnið verði læst á samskipti í daglegu skólastarfi.</li> <li>• Að efla félagsleg tengsl.</li> <li>• Að umhverfi sé námshvetjandi.</li> </ul>
SJÁLFBÆRNI:	<p>Það er unnið með sjálfbærni í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnpáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Að börnin beri virðingu fyrir sér, öðrum og umhverfi sínu.</li> <li>• Að börnin læri að setja sér mörk.</li> <li>• Að börnin læri að hlutirnir hafi tilgang.</li> <li>• Að börnin læri að ganga vel um.</li> <li>• Að börnin læri að nýta efnivið úr nátturunni.</li> <li>• Að börnum sé kennd góð umgengni innan og utandyra.</li> <li>• Að börnin læri að fara sparlega með hreinlætisvörur og pappír</li> <li>• Að börnin læri að hirða og flokka ávaxta „rusl“</li> <li>• Að börnin skammti sér hóflega á diska í matartímum.</li> <li>• Endurvinnsla og endurnýting á pappír í vinnu með sköpun.</li> </ul>
SKÖPUN:	<p>Það er unnið með sköpun í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnpáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Að börnin séu hvött til að uppgötva og njóta.</li> <li>• Að börnin fái að glíma við hin ýmsu viðfangsefni s.s. í føndri, hlutverka og ímyndunarleikir, búa til sögur, myndlist, klippa, lita og mála.</li> <li>• Að bjóða upp á skapandi umhverfi og efnivið.</li> <li>• Að barnið uppgötví nýja möguleika og eigin lausnir.</li> <li>• Frjálst val, flæði og frjáls leikur.</li> <li>• Árstíðabundin verkefni.</li> <li>• Frjálst val, flæði og frjáls leikur.</li> </ul>

### I.3. Lykilhæfni, viðmið og matskvarði fyrir árganginn

Fyrir árganginn gilda eftirfarandi hæfniviðmið um lykilhæfni:

Lykilþættirnir fimm	Efnisþættir með viðmiði fyrir hvern lykilþátt:	Áhersluatriði:
TJÁNING OG MIÐLUN	Við lok skólaárs geti barnið: <ul style="list-style-type: none"><li>• Tjáð sig með orðum og setningum.</li><li>• Sagt nafn sitt, aldur og kyn.</li><li>• 3ja ára geti sagt nöfn foreldra, systkina, heimilisfang og afmælisdaginn sinn.</li><li>• Gefið þarfir sínar til kynna með orðum eða táknum.</li><li>• Hafa eft málskilning og tjáningu.</li><li>• Leitað eftir aðstoð eftir þörfum.</li><li>• Skilið vináttu, sýnt samkennd og náð að tala við jafnaldra sína.</li></ul>	Gott og hvetjandi málumhverfi. Að börnin tjái sig með orðum frekar en hljóðum eða bendingum. Að barnið tjái þarfir sínar s.s. ef því er of heitt eða þyrst. Lögð er áhersla á virka hlustun og notaðar séu opnar spurningar. Lögð er áhersla á fjölbreyttan orðaforða. Hvetja börnin til að sýna frumkvæði.
SKAPANDI OG GAGNRÝNIN HUGSUN	Við lok skólaárs geti barnið: <ul style="list-style-type: none"><li>• Sýnt skapandi og frjóa hugsun.</li><li>• Aukið sjálfstæði sitt og sjálfshjálp.</li><li>• Fundið lausnir og komið með tillögur.</li></ul>	Skapandi, opinn og fjölbreyttur efniviður. Skapa tíma og svigrúm til að barn geti afhafnað sig og leitað lausna. Leiðin að lausninni er mikilvægari en útkoman sjálf.

Frh. á næstu síðu

Lykilþættirnir fimm, frh.	Efnisþættir með viðmiði fyrir hvern lykilþátt:	Áhersluatriði:
SJÁLFSTÆÐI OG SAMVINNA	Við lok skólaárs geti barnið: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Verið sjálfstætt í daglegum athöfnum.</li> <li>• Deilt efnivið og skipst á.</li> <li>• Sýnt samkennd.</li> <li>• Unnið með öðrum börnum.</li> <li>• Virt mörk annarra.</li> </ul>	Hvetja börnin til að klæða sig sjálf, skammta sér við matarborðið, þvo sér um hendur. Að börnin gangi frá eftir máltíðir, gangi frá leikefni í samvinnu við önnur börn. Verkefni hvetji til samvinnu og samkenndar. Börnin hjálpi hvert öðru. Dagleg rútína haldist sem mest til að auka á öryggi og vellíðan.
NÝTING MIÐLA OG UPPLÝSINGA	Við lok skólaárs geti barnið: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Tekið fyrirmælum og fylgt þeim eftir.</li> <li>• Tekið mið af upplýsingum s.s. frá veðurfræðingi og klætt sig eftir þeim.</li> </ul>	Hvetja börnin til að hlusta og fá þau til að endursegja. Hvetja börnin til að hlusta á önnur börn og taka mark á þeim.
ÁBYRGÐ OG MAT Á EIGIN NÁMI	Við lok skólaárs geti barnið: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Klætt sig sjálf í útifatnað með lágmarks aðstoð.</li> <li>• Haft tilfinningu hvernig gekk í ákveðnum stundum dagsins.</li> </ul>	Hvetja börnin til að klæða sig sjálf úr til að byrja með og svo í. Setja orð á hluti og veita barninu hrós og hvatningu í dagsins önn.

## I.4. Kennsluáðstæður, kennsluáætlanir og kennslugögn

### **i. Kennsluáðstæður**

Börnin hafa sitt heimasvæði innan skólans, svokölluð hreiður. Tveggja ára börnin hafa heimasvæði á Kriú og Lunda eftir aðstæðum og þriggja ára börnin hafa sitt heimasvæði á Fjallafinku.

Sérstakur fataklefi er einnig fyrir börnin fyrir framan heimasvæðið sem er nýttur fyrir þessa aldurshópa. Eins hefur hluti 3ja ára barnanna sína fataaðstöðu á neðri hæð skólans.

Sérstakt útileiksvæði er einnig fyrir þessa aldurshópa, sem er afgirt og aðstaða verið aðlöguð aldri barnanna. Þau geta einnig nýtt sameiginlegt leiksvæði skólans eftir þörfum og mati kennara hverju sinni.

Börnin nýta einnig sameiginleg svæði í skólanum, s.s. list – og verkgreinasmiðjur, útismiðjur, íþrótt- og hreyfisvæði og kubbasvæði. Kennarahópurinn leggur mat á hvenær yngstu börnin eru tilbúin að lokinni aðlögun að taka þátt í starfi á hinum ýmsu svæðum í skólanum. Öryggi þeirra felst oft í að vera sem mest á sínu heimasvæði meðan á aðlögun þeirra að skólastarfinu stendur.

Börnin borða á sínu heimasvæði til að byrja með en færast svo í matsal og borða þá með öðrum börnum á leikskólaaldri í Krikaskóla.

Vettvangsferðir eru farnar með barnahópana. Þær eru bæði stuttar gönguferðir um næsta nágrenni skólans, eða lengri ferðir þar sem taka þarf strætisvagn eða rútu. Kennarar hafa frjálssar hendur varðandi skipulagningu vettvangsferða í tengslum við nám barnanna hverju sinni. Vorferð 2ja ára barnanna er nestisferð í næsta nágrenni skólans og vorferð 3ja ára barnanna er sveitaferð í Mosfellsdalinn.

### **ii. Kennsluáætlanir**

Dagskipulag er vinnuramminn sem heldur utanum starfið. Skipulagið lýsir hvernig við vinnum daginn, hvernig hann skiptist niður og ekki síst veitir það börnunum öryggi. Í gegnum dagskipulagið fléttast svo grunnþættirnir, til dæmis er samvera hluti af læsi, útivera hluti af hreyfingu og þannig mætti lengi telja. Dagskipulagið er okkar stundaskrá og innan þess ramma höfum við fléttað t.d. hópastarfi, þemavinnu, árstíðartengda vinnu og hefðum. Lögð er áhersla á myndrænt dagskipulag fyrir börnin þannig að þau öðlist yfirsýn yfir daginn sinn.

Unnar eru sérstakar áætlanir um einstaka þætti í skólastarfinu s.s. hreyfistundir í íþróttasal sem taka mið af aldurshópnum. Hópastarfið er skipulagt fyrirfram og tekur mið af árstíðarbundnum verkefnum og sérstökum áherslum í skólastarfinu hverju sinni.

Áætlanir eru unnar fyrir ýmis sameiginleg verkefni í skólanum þar sem allir árgangar taka þátt. Þar má nefna sem dæmi söngstundir á föstudögum en þá hittist allur skólinn. Hver árgangur sér um nokkrar söngstundir á ári og undirbýr lög og texta, sem og skemmtiatriði sem fyrir hin börnin í skólanum.

### iii. Náms- og kennslugögn

Skýra frá hvað skóli/kennari leggur til kennslunnar í árganginum.

Námsbækur og almenn kennslugögn skóla:	<ul style="list-style-type: none"><li>• Allar nauðsynlegar náms- og kennslubækur (sjá viðkomandi námsgreinar).</li><li>• Aðgangur að tölvum og hugbúnaði í skóla eftir þörfum.</li><li>• Ópin efniviður sem gefur börnum tækifæri á fleiri en einni útkomu.</li><li>• Fjölbreytt leikefni og efniviður til leiks bæði inni og úti við.</li></ul>
Annað sem börn þurfa að hafa með sér í skóla til eigin nota	<ul style="list-style-type: none"><li>• Börnin þurfa að hafa með sér aukafatnað og útvistarfatnað til að geta nýtt sér fjölbreytt skólastarf inni og úti.</li><li>• Börnin þurfa að hafa með sér bleiur, blautklúta og krem sem nauðsynleg eru meðan þau nota bleiur.</li><li>• Börnin koma með koddaver sem sett er utanum kotta í hvíld á meðan þau sofa í skólanum.</li><li>• Hjálpartæki sem þau þurfa að nota í daglegu starfi til að þau geti notið skóladagsins.</li></ul>

## I.5. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf

Árgangarnir taka þátt í öllu foreldrasamstarfi, sjá kafla um foreldrasamstarf í Krikaskóla. Þar fyrir utan er hugað sérstaklega að upphafi skólagöngu hjá yngstu börnunum í tengslum við aðlögun þeirra. Foreldrum er boðið að koma í Krikaskóla að vori, þegar úthlutun hefur farið fram, til að sjá aðstæður og eiga samtöl við deildarstjóra og verkefnastjóra. Þá er farið yfir hverju foreldrar eiga von á varðandi aðlögun sem framundan er og fyrirkomulag hennar.

Þegar að aðlögun barnanna kemur hefur einnig verið boðið til samráðsfundar með skólastjórnendum sem kynna hugmyndafræði Krikaskóla, væntingar til foreldra og farið er yfir ýmsar reglur sem gilda í skólastarfinu. Kynntar eru ýmsar leiðir og ferlar innan skólans s.s. ef foreldrar þurfa að breyta vistunartíma eða leita ráðgjafar vegna einstakra þarfa barna sinna.

Upplýsingar eru einnig settar á töflu fyrir framan hreiðrin um ýmsa þætti sem snúa að börnunum. Hversu lengi þau sváfu, hvort þau borðuðu vel og svo framvegis. Upplýsingatöflur eru á nokkrum stöðum í skólanum, sem kynntir eru fyrir foreldrum.



## I.6. Námsmat og vitnisburðarkerfi árgangs

Námsmat í bekknum/árganginum skiptist í þrennt; leiðsagnarmat, stöðumat og lokamat (út frá hæfniviðmiðum lykilhæfni og námshæfni). Framkvæmdin í árganginum er með þessum hætti:

### a. **Leiðsagnarmat.**

Leiðbeinandi námsmat, leiðsagnarmat, fer fram reglulega yfir allt skólaárið í öllum námsgreinum. Í því felst að kennarar nota ýmsar leiðir til að styðja við og leiðbeina börnunum að ná árangri. Í þessum árgangi er lögð áhersla á eftirfarandi aðferðir við leiðsögnina:

- Ferilmappa er stofnuð fyrir hvert barn í Krikaskóla þegar skólaganga hefst. Þar er safnað sýnishornum af ýmsum verkum sem barnið vinnur í skólanum. Lagt er upp með að í lok hvers skólaárs liggi fyrir nokkur verkefni sem barnið hefur unnið eða verið þátttakandi í.
- Myndaskráning er mikilvæg í starfi með ungum börnum og því höfum við lagt áherslu á að taka myndir til birtinga fyrir foreldra. Myndirnar auðvelda einnig börnunum að rifja upp og segja frá.
- Símat er unnið yfir skólaárið og lagt er mat á það starf sem unnið er með barnahópnum sem og einstaklingum innan hans. Verkefnastjóri sérkennslu og skólastjórnendur taka þátt í því mati eftir því sem kennarar og/eða foreldrar kalla eftir hverju sinni.
- Lagt er fyrir EFI-2 málþoskaskimun hjá 2ja til 3ja ára börnunum.
- Með 3ja ára börnunum er unnið TRAS málþroskamat sem fylgir þeim í gegnum leikskólaárin.

### b. **Stöðumat.**

Stöðumat fer fram tvisvar sinnum á skólaárinu, með viðtali foreldra og kennara. Megináherslan er að veita stöðumat í foreldraviðtali um þroskastöðu barnsins. Til þess eru notaðir matslistar byggðir á rannsóknum Britte Holle, um stöðu hvers þroskasviðs fyrir sig. Eins hafa verið þróaðir listar innan skólans sem byggja á þessum grunni og nýttir eru til undirbúnings foreldraviðtala.

### b. **Lokamat:**

Lokamat fer fram við enda skólaárs þar sem kennari leggur mat á hæfni og þroska hvers barns. Þau gögn eru mikilvægur þáttur í samfellu barnsins milli árganga í skólanum. Sá kennari sem tekur við barninu fær upplýsingarnar til sín skriflega, sem og munnlega innan skólans. Þessi skil fara fram að vori eftir því sem við verður komið, annars að hausti.

